

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 1. júlí 2003 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 08⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ráðning í stöðu umsjónarmanns námsstofu.

Gunnar Þór Gunnarsson hafði lýst sig vanhæfan til að taka þátt í afgreiðslu málsins vegna vensla við einn umsækjanda og mætti hann því ekki á fundinn fyrr en afgreiðslu þessa dagskrárliðar var lokið.

Fyrir fundinum lágu umsóknir frá eftirfarandi:

- Guðlaugu Grétarsdóttur,
- Hildi Ingólfssdóttur,
- Hjálmfríði Guðjónsdóttur.

Hreppsnefnd ræddi umsóknirnar og hlutverk umsjónarmannsins. Samþykkt var að ganga til viðræðna við Hjálmfríði Guðjónsdóttur um starfið.

2. Ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana Höfðahrepps, síðari umræða.

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana Höfðahrepps ásamt endurskoðunarbréfi Ólafs Kristinssonar endurkoðanda. Hreppsnefnd fór yfir bréf endurskoanda og ræddi um helstu ábendingar sem þar komu fram.

Ársreikningurinn var síðan samþykktur samhljóða.

3. Bygging sumarhúsa á Skagaströnd.

Sveitarstjóri kynnti hugmynd um að stofna félag á móti Finska ehf um kaup og uppsetningu á sumarhúsi til útleigu fyrir ferðamenn. Málið var rætt og kom fram að hugmyndin er á frumstigi og næstu skref séu að vinna að skipulagningu og reikna út kostnað við verkefnið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 9⁰⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir